Chitin has been part of the living world for some one billion years and is widely present in Nature. Chitin and chitosan, a deacetylated chitin product, have found various practical uses. Chitinases are found in various species which need to digest or modify chitin but chitinase like proteins (CLPs) are even more widespread, including in human tissues, and are thought to play physiological roles in tissue formation and regeneration. Therefore, chitooligaosaccharides are being developed and tested as effectors of these proteins with possible therapeutic roles. Production of oligosaccharides from partially deacetylated chitin and chitosan is carried out by chitinase hydrolysis. The purpose of the present project is to develop affinity purification methods for chitinases and CLPs to enable their characterization with respect to hydrolytic specificity and affinity for oligosaccharide ligands.

A growth medium of the fungus *T. emersonii* was used as a source of chitinase. The chitinase activity measured with p-nitrophenyl-tri-N-acetyl--chitotrioside as substrate showed a broad pH-optimum beetween 4 and 8 and good pH and temperature stability.

TchOS, a chitooligomer of DP (degree of polymerization) of 6-15 and average MW of some 4000, is produced by Genis ltd of Iceland by exhaustive enzymatic hydrolysis of partially deacetylated chitin. TchOS was immobilized on epichlorohydrin-activated Sepharose CL-6B, both directly and via cyanuric cloride. The latter was chosen for further study. This affinity medium, TCES, was applied to the T. emersonii growth medium and was found to bind 6 mg of protein per ml of gel. The eluted protein was found by SDS-electrophoresis to contain three different proteins of MW from 35 KDa to 60KDa. These proteins were further resolved by gel filtration for analysis for chitinase activity and for chitin-binding properties by isothermal titration calorimetry.

Veggspjald 25

Stöðgun próteina með kítófásykrum

Hörður Filippusson og Stefán Bragi Gunnarsson

Háskóli Íslands, Raunvísindastofnun, Lífefnafræðistofa, Dunhaga 3, 107 Reykjavík

Öll prótein, þar með talin ensím, eru meira eða minna óstöðug, einkum í upplausn. Smám saman eiga sér stað breytingar á þrívíddarbyggingu sameindanna sem síðan leiða til ógagnhverfrar eðlissviptingar með missi líffræðilegrar virkni. Stöðugleiki próteina og aðferðir til að auka hann eru því mikilvægt viðfangsefni sem menn hafa tekist á við með mismunandi hætti, t.d. próteinverkfræði, kyrrsetningu, efnafræðilegum breytingum svo sem áfestingu annarra efna (*chemical modification*) og notkun verndarefna (*cosolutes*). Meðal þess sem áhrif getur haft á stöðugleika er próteinasavirkni (m.a. sjálfmeltu (*autodigestion*) ef um próteinasa er að ræða), virknitap af völdum upphitunar (t.d. þegar próteinið er hitað til að drepa veirur) eða við geymslu við stofuhita, próteinniðurbrot in vivo og mótefnavakning (*antigenicity*) eftir inndælingu ofl.

Einkum er þetta mikilvægt á tveim sviðum: a) við notkun ensíma í hagnýtum tilgangi og b) við framleiðslu próteinlyfja.

Ensím eru notuð í miklum og vaxandi mæli sem lífhvatar til efnagreininga og í iðnaðarferlum til hvötunar við framleiðslu ýmissa efna, sem notuð eru við lyfjagerð, í matvælaiðnaði og á fleiri sviðum. Bættur stöðugleiki ensíma er því mikilvægt viðfangsefni.

Með tilkomu erfðatækni hefur reynst unnt að framleiða hin ólíkustu prótein til lyfjanota í miklu magni svo hagkvæmt er til sölu á lyfjamarkaði og eru próteinlyf (stundum nefnd líftæknilyf) einn helsti vaxtarbroddur í lyfjagerð nú um stundir. Meðal viðvarandi vandamála er skortur á stöðugleika próteinanna, til dæmis í lyfjaformum eða eftir inntöku eða gjöf.

Fyrirtækið Genis ehf hefur unnið að þróun fásykra (*chito-oligosaccharides*, kítófaásykra) úr kítósani, fjölsykru sem unnin er með umbreytingu kítíns úr rækjuskel. Afurðir fyrirtækisins eru ætlaðar til lyfjanota. Við höfum í þessu verkefni kannað möguleika á því að nota fásykrur frá Genis til stöðgunar próteina.

Gerðar hafa verið tvenns konar tilraunir. Annars vegar hefur verið rannsakað virknitap ensímanna trypsins og peroxídasa við mismunandi hitastig. Hins vegar hefur verið beitt varmamælitækni, DSC (differential scanning calorimetry) til að finna við hvaða hitastig próteinin eðlissviptast. Áhrif kítófásykra (chitooligosaccharides) í upplausn á stöðugleika próteinanna hafa verið könnuð og einnig áhrif þess að tengja kítófásykrur með samgildum tengjum við ensímin.

Niðurstöður sýna eindregin stöðgunaráhrif í báðum tilvikum, þ.e. með kítófásykrur sem verndarefni í upplausn og einnig eftir umbreytingu ensímanna með tengingu við kítófásykrur. **Mynd 1** sýnir áhrif þess að tengja kítófásykru með DP (*degree of polymerisation*) 4 - 8 á hitastöðugleika trypsins:



Mynd 1. ! #$&"'"()*+,-./,$01',/'*(2 * 3,$&4*(-*+A*567&*&"$&4*96*2 :/;$#-*

Auk virknimælinga sem fall af hitastigi hafa einnig verið gerðar mælingar með DSC (*differential scanning calorimetry*) sem sýna svokallað bræðslumark ensímsins, þ.e. það hitastig er eðlissvipting á sér stað.

Með rannsóknum á ensímunum trypsini og peroxídasa hefur verið sýnt fram á grundvöll verkefnisins. Í framhaldinu þarf að gera mælingar á öðrum próteinum, bæði sams konar og einnig annars konar mælingar. Velja þarf nokkur prótein ólíkrar gerðar og gera á þeim eftirtaldar athuganir, frjálsum, í lausn með kítófásykrum og eftir tengingu við kítófásykrur: Hitastöðugleikamælingar (ensím), *differential scanning calorimetry*, mótefnamyndun (*antigenicity*) og stöðug-leika gagnvart próteinkljúfandi ensímum.

Poster 25

Protein stabilization with chitooligosaccharides

Hörður Filippusson and Stefán Bragi Gunnarsson

University of Iceland, Science Institute, Biochemistry Department, Reykjavík, Iceland

All proteins, enzymes included, are more or less unstable, especially when in solution. Gradual changes in the three-dimensional structure of the molecules lead to irreversible denaturation and loss of biological activity. Protein stability and methods for increasing it are therefore important problems which have been tackled in various ways, including protein engineering, immobilization, chemical modification and the use of cosolutes. Among the processes which can affect stability are protease action (including autodigestion of proteases), thermal denaturation (e.g. when the protein is heated to kill viruses) or storage at room temperature, protein degradation *in vivo* and antigenicity after etc.

This is especially important in two areas: a) in the use of enzymes aas practical biocatalysts and b) in the production and use of protein pharmaceuticals.

Enzymes are used increasingly as biocatalysts in chemical analyses and in industrial processes for the production of a multitude of chemicals to be used in the synthesis of pharmaceuticals, in the food industry and in other areas. Improving the stability of enzymes is therefore an important problem.

With the advent of recombinant technology it has become practical to produce a variety of proteins for use as pharmaceuticals in a cost-effective way for the drug market. Protein drugs or biopharmaceuticals are one of the most important greowth areas among pharmaceuticals. A persistent problem is lack of stability during storage or after injection.

Genis ehf has been developing chitooligosaccharides from chitosan, a polysaccharide produced by conversion of chitin from shrimp. The comany´s products are intended for pharmaceutical use. In the presen project we have investigated the possibility of using chitooligosaccharides for the stabilization of proteins.

Two kinds of experiments have been carried out. On the one hand we have measured the loss of activity of the enzymes trypsin and peroxidase at different temperatures. On the other hand we have used DSC (*differential scanning calorimetry*) to detact the temperature where the enzymes denature. The effect of chitooligosaccharides in solution on the stability of the proteins have been investigated as well as the effect of modifying the enzymes by covalent chemical conjugation with the oligosaccharides.

The results show clear stabilization effects, both with chitooligosaccharides as cosolutes and after their chemical coupling to the enzymes. **Fig. 1** shows the effect of chemical coupling of a chitooligosaccharide of DP (degree of polymerization) of 4-8 on the thermostability of trypsin.



Fig 1. !"#$%#& ()*#$+(',)$)(-$. /$(%-0+)1$2 "#1 "#' (#3$(.$1 "#$%&' (%)*%&'%, "%- ./)+0123

In addition to activity measurements as a function of temperature we have made DSC (*differential scanning calorimetry*) measurements which show a so-called melting point of the enzymes, i.e. the temperature at which denaturation occurs.

Experiments with trypsin and peroxidase have proven the concept. Further work will include experiments on other proteins, both of the same kind and also other measurements. Several different proteins will be chosen for heat stability measurements, DSC, antigenicity testing and stability towards proteases. These will be carried out on fre and chemically modifies proteins as well as in solution with cosolutes.

Veggspjald 26

Efnasmíðar á náttúrulegum handhverfuhreinum ein- og fjölómettuðum metoxyl-setnum alkylglýserólum

Carlos D. Magnússon, Einar Lúthersson og Guðmundur G. Haraldsson

Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Dunhaga 3, 107 Reykjavík, Ísland

Metoxyl-setin alkylglýseról af gerð (2′*R*)-1-*O*-(2′-metoxyalkyl)-*sn*-glýseróla tilheyra flokki 1-*O*-alkyl-*sn*-glýseróla, svonefnd glýseryl eterar, og hafa þau metoxyl hóp í stöðu 2 á *O*-alkyl keðjunni.

Hliðstætt öðrum 1-*O*-alkyl-*sn*-glýserólum þá hefur verið sýnt fram á að þessi efni hafa margvíslega líffræðilega virkni. Til þessarar virkni teljast bakteríudrepandi, sveppadrepandi og krabbameinshemjandi áhrif [1].

Metoxyl-setin alkylglýseról finnast víða í náttúrunni. Þau hafa aðallega verið einangruð úr lifrarolíu sumra brjóskfiskstegunda þar sem þau finnast í verulegu magni og eru um 2-4% glýseryl etera [1].

Algengustu 1-*O*-(2′-metoxyalkyl)-*sn*-glýserólin bera keðjurnar hexadek-4-enyl (C16:1), hexadekyl (C16:0) og octadek-4-enyl (C18:1). Fjölómettuð dókosahexaensýru (DHA) lík metoxyl-setin alkylglýseról afleiða er einnig algeng í lifrarolíu sumra brjóskfiska þar sem hún getur orðið allt að 18% metoxyl-setinna glýseryl etera. Þessi einstaka fjölómettaða afleiða hefur einnig fundist í fósfólípíðum rauðra blóðkorna í mönnum þar sem þau hafa mælst um 8% metoxyl-setinna glýseryl etera [1].

Megin markmið framlagsins er tvíþætt. Í fyrsta lagi að gera grein fyrir fyrstu efnasmíði á handhverfuhreinu einómettuðu (*Z*)-(2′*R*)-1-*O*-(2′-metoxyhexadec-4′-enyl)-*sn*-glýseróli **1** sem er algengasta metoxyl-setna alkylglýserólið í náttúrunni [2]. Í öðru lagi að gera grein fyrir þýðingarmiklum skrefum í heildarefnasmíði á handhverfuhreinu fjölómettuðu (2′*R*)-1-*O*-(2′-metoxydókosahexa-4′,7′,10′,13′,16′,19′-enyl)-*sn*-glýseróli **2**.

Metoxyl-setna alkylglýserólið **1** var smíðað á skilvirkan hátt í fimm skrefa efnasmíði í 27% heildar heimtum [2]. Lykilskrefið fól í sér myndun etertengis á milli (*Z*)-(*R*)-1-klórohexadek-4-en-2-óls og handhverfuhreins (*R*)-2,3-*O*-ísóprópyliden-*sn*-glýseróls í viðurvist malaðs kalíum hydroxíðs, ásamt tetra-*n*-bútylammoníum brómíði án notkunar lífræns leysis við herbergishita [2].

Heildarefnasmíði fjölómettaðs metoxyl-setins alkylglýseróls **2** er skipt í tvo hluta. Fyrri hlutinn felur í sér efnasmíði á fjölalkeni, Z-skipuðu (2*R*)-1-klórodókosa-4-7-10-13-16-19-hexaen-2-óli, sem fæst með rúmvendaðri vetnun á samsvarandi fjölalkyni (2*R*)-1-klórodókosa-4-7-10-13-16-19-hexayn-2-ól með Lindlar-hvata.

Efnasmíðinni á fjölalkyninu er verið að ljúka með góðum árangri og heimturnar fyrir milliefnin eru á bilinu 65-84%. Þessi tíu skrefa efnasmíði byggir á röð málmhvataðra kúplunarhvarfa á milli endastæðra alkyna og própargyl brómíða í viðurvist Cu(I)I, NaI og K_2CO_3 eða Cs_2CO_3 sem basar.

Seinni hluti efnasmíðinnar á **2** verður byggður á aðferðinni sem þróuð var við efnasmíðina á **1** sem sagt þéttingu á milli áðurnefnds fjölalkens og handhverfuhreins (*R*)-2,3-*O*-ísóprópyliden-*sn*-glýseróls í viðurvist malaðs kalíum hydroxíðs, ásamt tetra-*n*-bútylammoníum brómíði.



Byggingar lokamyndefnis **1**, milliefna þess og milliefna í heildarefnasmíðinni á **2**, hafa verið sannreyndar með hefðbundnum aðferðum lífrænar efnafræði, þar með talið kjarnarófsmælingum (^{1}H NMR og ^{13}C NMR), IR litrófmælingum, ljósvirknimælingum og massagreiningum (HRMS).

References

[1] C D Magnusson and G G Haraldsson. Chem. Phys. Lipids (2011) 164, 313-40.
[2] C D Magnusson and G G Haraldsson. Tetrahedron Asymmetry (2010) 21, 2841-47.

Poster 26

Synthesis of naturally occurring enantiomerically pure mono- and polyunsaturated 2′-methoxylated alkylglycerols

Carlos D. Magnússon, Einar Lúthersson and Guðmundur G. Haraldsson

Science Institute, University of Iceland, Dunhaga 3, 107 Reykjavík, Iceland

The 2′-methoxylated alkylglycerols of the (2′*R*)-1-*O*-(2′-methoxyalkyl)-*sn*-glycerol type are a particular category of 1-*O*-alkyl-*sn*-glycerols, also called glyceryl ethers, characterized by bearing a methoxyl group at the 2-position of their *O*-alkyl moiety.

Like their unsubstituted analogues, they have been reported to exhibit multiple biological activities. For instance, they have been shown to possess antibacterial, antifungal, anticarcinogenic and immune stimulant properties [1].

The 2′-methoxylated alkylglycerols are widely found in Nature. They have principally been isolated from the liver oil of some cartilaginous fish species where they are found in appreciable amounts accounting for 2-4% of the glyceryl ethers content [1].

The most prevalent 1-*O*-(2′-methoxyalkyl)-*sn*-glycerols comprise hexadec-4-enyl (C16:1), hexadecyl (C16:0) and octadec-4-enyl (C18:1) chains. A polyunsaturated docosahexaenoic acid (DHA) like 2′-methoxylated alkylglycerol has also been found to constitute up to 18% of the methoxylated glyceryl ethers in the liver oil of some cartilaginous fish. This peculiar methoxylated alkylglycerol has also been found in the phospholipids of human red blood cells where they account for about 8% of the methoxylated glyceryl ethers [1].

The main objective of the current presentation is, firstly, to describe the first synthesis of enantiomerically pure monounsaturated (*Z*)-(2′*R*)-1-*O*-(2′-methoxyhexadec-4′-enyl)-*sn*-glycerol **1**, the most prevalent 2′-methoxylated alkylglycerol found in Nature, and, secondly, to describe an important milestone in the synthesis of enantiopure polyunsaturated all *cis* (2′*R*)-1-*O*-(2′-methoxydocosahexa-4′,7′,10′,13′,16′,19′-enyl)-*sn*-glycerol **2**.

An efficient five-step synthetic approach was developed to accomplish the synthesis of **1** taking place in 27% overall yield [2]. The strategy was based on an ether bond formation between the highly functionalized key fragment, (*Z*)-(*R*)-1-chlorohexadec-4-en-2-ol, and enantiopure (*R*)-2,3-*O*-isopropylidene-*sn*-glycerol employing grounded potassium hydroxide and tetra-*n*-butylammonium bromide under solvent free conditions [2].

The planned synthetic route to compound **2** is divided into two parts. The first part involves the synthesis of the methylene interrupted polyene all *cis* (2*R*)-1-chlorodocosa-4-7-10-13-16-19-hexaen-2-ol which, in turn, could be prepared by stereoselective partial hydrogenation of the corresponding polyyne (2*R*)-1-chlorodocosa-4-7-10-13-16-19 hexayn-2-ol using Lindlar′s catalyst.

The synthesis of the highly functionalized polyyne has been successfully concluded after a ten-step process with yields ranging from 65 to 84% for the intermediates involved. This synthesis is based on consecutive cross-coupling reactions between terminal alkynes and propargylic bromides in the presence of Cu(I)I, NaI and K_2CO_3 or Cs_2CO_3 as bases.

The second part of the proposed route to **2** is based on the previously developed approach for the monounsaturated analogue **1** and includes the condensation of the methylene interrupted polyene with (*R*)-2,3-*O*-isopropylidene-*sn*-glycerol in the presence of grounded potassium hydroxide and tetra-*n*-butylammonium bromide.



1



2

The target compound **1**, all its intermediates and the intermediates toward the total synthesis of **2** have been fully characterized by traditional organic synthesis methods including ^{1}H and ^{13}C NMR, IR spectroscopy, optical activity measurements and HRMS.

References

[1] C D Magnusson and G G Haraldsson. Chem. Phys. Lipids (2011) 164, 313-40.

[2] C D Magnusson and G G Haraldsson. Tetrahedron Asymmetry (2010) 21, 2841-47.

Veggspjald 27

5'-6 Læstar Kirnisleifar: Fjölhæf Nálgun til Efnasmíða á Nemum fyrir Kjarnsýrurannsóknir

Kristmann Gíslason* og Snorri Þór Sigurðsson

Raunvísindastofnun, Háskóli Íslands, Dunhagi 3, 107 Reykjavík, Ísland

Á sviði lífeðlisfræðilegra rannsókna á byggingu kjarnsýra er stöðugt verið að leita að nýjum breyttum kirnisleifum sem nýst geta sem áhugaverðir nemar [1]. Einnig er áhugi fyrir notkun breyttra kirnisleifa sem virkra byggingareininga í DNA nanó-byggingum [2]. Með því að nýta okkur efnahvarf þar sem 5-amínó-2'-deoxycytidín er þétt með díketón [3], höfum við smíðað 5'-6-læstu stífu kirnisleifina 1. Þessi kirnisleif inniheldur fenanþrólín hluta sem nýst getur til innleiðingar málmkomplexa á 5'-enda kjarnsýra [4]. Þegar þessi kirnileif er innleidd í fákirni, myndar hún stöðugt basapar líkt tymidíni (Mynd 1) og veldur aðeins minniháttar breytingum á náttúrulegri byggingu B-DNA helix. Stífleiki kirnisleifarinnar tryggir hámarks næmni fyrir breytingum í byggingu og hreyfingu kjarnsýrunnar. Við höfum einnig nýtt þessa nálgun til að smíða safn fljúrljómandi kirnisleifa og kirnisleif sem getur bundið jónir lanþaníðmálma.



Mynd 1. Kirnisleifin 1 basapöruð við adenósín (A).

Tilvitnanir

[1] F. Wachowius, and C. Höbartner, ChemBioChem 11, 469 (2010)
[3] Z. J. Lesnikowski, Current Organic Chemistry 11, 355 (2007)
[3] G. Ping, et al., Nucleosides & Nucleotides 15, 1701 (1996)
[4] K. Gislason, and S. T. Sigurdsson, Eur. J. Org. Chem. 2010, 4713 (2010)

Poster 27

5'-6 Locked Nucleosides: A Versatile Approach to Nucleic Acid Probes

Kristmann Gíslason* and Snorri Þór Sigurðsson

Science Institute, University of Iceland, Dunhagi 3, 107 Reykjavik, Iceland

The search for new and interesting modified nucleosides as probes for various biophysical techniques, used to study nucleic acid structures is ongoing [1]. Modified nucleosides are also of interest as functional units in nucleic acid nano-structures [2]. Utilizing a reaction where 5-amino-2'-deoxycytidine is condensed with diketones [3], we have synthesized 5'-6 locked rigid nucleoside 1 containing a phenanthroline moiety for incorporation of metal complexes onto the 5'-end of nucleic acids [4]. This nucleoside, when incorporated into oligonucleotides, forms stable base-pairs similar to thymidine (Figure 1), with only minimal distortion to natural B-DNA helix structure. The rigid structure of the nucleoside ensures optimal sensitivity to changes in the structure and dynamics of the nucleic acids. We have also used this strategy to prepare a series of fluorescent nucleosides and a nucleoside that can be used as a chelator for lanthanide metal ions.



Figure 1. Nucleoside 1 base-paired to adenosine (A).

References

[1] F. Wachowius, and C. Höbartner, ChemBioChem 11, 469 (2010)

[3] Z. J. Lesnikowski, Current Organic Chemistry 11, 355 (2007)

[3] G. Ping, et al., Nucleosides & Nucleotides 15, 1701 (1996)

[4] K. Gislason, and S. T. Sigurdsson, Eur. J. Org. Chem. 2010, 4713 (2010)

Veggspjald 28

Nitroxíð spunamerki sem binds við ákveðinn stað á kjarnsýrum án samgildra tengja

Gunnar B. Sandholt, Sandip A. Shelke and Snorri Th. Sigurdsson

*Raunvísindasofnun, Háskóli Íslands, Dunhagi 3, 107 Reykjavík, Ísland

Rafeindaspunatækni hefur verið notuð til að kynnast byggingu og hreyfanleika líffrænna fjölliða [1-3]. Rannsóknir á líffrænum fjölliðum, með rafeindasegulgreini, krefjast þess að sameindirnar innihaldi óparaða rafeind (spunamerki). Merkin eru venjulega innleidd með samgildum tengjum á fyrirfram ákveðnum stað [4]. Enn sem komið er þarfnast sú aðferð mikllar efnasmíðar frá reyndu fólki. Við höfum þróað aðferð sem tengir spunamerki við kjarnsýru án samgildra tengja. Sú aðferð notast við spunamerkið ç og kjarnsýru án kirnibasa þar sem merkið bindst með vetnistengjum og van der waals kröftum [5].



Mynd 1. ç ásamt spunamerkjum sem einfalt er að smíða og innleiða í DNA án kirnibasa til samanburðar.

Aðferðin leysir vandamál sem fylgja samgildum spunamerkingum. Við leit okkar að spuna-merkjum sem bindst betur við kjarnsýrur án kirnisbasa en ç, auk að þess hafa styttri efnasmíð, höfum við smíðað nokkur mismunandi spunamerki sem hafa það sameiginlegt að vera pýrimidín kirnibasa-afleiður. Spunamerkin voru smíðuð með tveimur megin aðferðum. Annars vegar azíð-alkýn Huisgen-Meldal-Sharpless (3+2) hringmyndunarhvarfi (smelli efnafræði) (**1**, **2**) og hins vegar palladíumhvötuðu Sonogashira hvarfi (**4**,**5**). Spunamerkin voru greind með rafeindasegulgreini, þar sem rófið sýndi þrjár skarpar línur. Mat á bindingu spunamerkjana við kjarnsýrur án kirnibasa er í vinnslu.

Heimildir

[1] Biswas, R., Kühne, H., Brudvig, G. and Gopalan, V., Use of EPR spectroscopy to study macromolecular structure and function. Sci. Prog., 2001. 84: p. 45-67.

[2] Klare, J.P. and Steinhoff, H.J., Spin labeling EPR. Photosyn. Res., 2009. 102(377-390).

[3] Qin, P.Z. and Dieckmann, T., Application of NMR and EPR methods to the study of RNA. Current Opinion in Structural Biology, 2004. 14: p. 350-359.

[4] Shelke, A.S. and Sigurdsson, S.Th., Site-Directed Nitroxide Spin-Labeling of Biopolymers, in Unpublished book chapter. 2011.

[5] Shelke, S.A. and Sigurdsson, S.Th., Noncovalent and Site-Directed Spin Labeling of Nucleic Acids. Angew. Chem. Int. Ed., 2010. 49: p. 7984-7986.

Poster 28

Nitroxide spin-labels for noncovalent and site directed spin-labeling of nucleic acids

Gunnar B. Sandholt, Sandip A. Shelke and Snorri Th. Sigurdsson

*Science Institute, University of Iceland, Dunhagi 3, 107 Reykjavík, Iceland

Electron paramagnetic resonance (EPR) spectroscopy has been used to study the structure and dynamics of biopolymers [1-3]. The study of biopolymers with EPR spectroscopy requires an unpaired electron (spin labels). The labels are usually incorporated by covalent attachment at a specific site, generally termed site-directed spin labeling (SDSL) [4]. So far such SDSL requires a large synthetic effort and skilled manpower. We have developed a noncovalent site-directed spin labeling (NC-SDSL) approach by utilizing spin-label ç and DNA containing an abasic site where it binds by base-paring and stacking interactions [5].



Figure 1. ç along with simple to make spin-labels for incorporation in to abasic site dsDNA for comparison.

This approach helps to get around the problem associated with covalent labeling. In an attempt to find spin labels that have better binding affinity and shorter synthesis than ç, we designed several spin-label ligands by modifying the pyrimidine nucleobases. The spin labels were prepared by using two main strategies using either azide-alkyne Huisgen-Meldal-Sharpless (3+2) cycloaddition reaction (click chemistry) to prepare **1** and **2** or palladium catalyzed Sonogashira coupling to make **4** and **5**. The spin labels were analyzed by EPR spectroscopy, which shows three sharp lines in their EPR spectrum. Evaluation of their binding to an abasic site in duplex DNA is in progress.

References

[1] Biswas, R., Kühne, H., Brudvig, G. and Gopalan, V., Use of EPR spectroscopy to study macromolecular structure and function. Sci. Prog., 2001. 84: p. 45-67.

[2] Klare, J.P. and Steinhoff, H.J., Spin labeling EPR. Photosyn. Res., 2009. 102(377-390).

[3] Qin, P.Z. and Dieckmann, T., Application of NMR and EPR methods to the study of RNA. Current Opinion in Structural Biology, 2004. 14: p. 350-359.

[4] Shelke, A.S. and Sigurdsson, S.Th., Site-Directed Nitroxide Spin-Labeling of Biopolymers, in Unpublished book chapter. 2011.

[5] Shelke, S.A. and Sigurdsson, S.Th., Noncovalent and Site-Directed Spin Labeling of Nucleic Acids. Angew. Chem. Int. Ed., 2010. 49: p. 7984-7986.

Veggspjald 29

Efnasmíðar handhverfuhreinna diasýl glyseryl etera sem innihalda fjölómettaðar fitusýrur

Edda Katrín Rögnvaldsdóttir, Carlos D. Magnússon, Sara Björk Sigurðardóttir og Guðmundur G. Haraldsson

Raunvísindastofnun Haskólans, Dunhaga 3, 107 Reykjavík, Ísland.

Náttúruleg 1-*O*-alkýl-*sn*-glýseról finnast víða í náttúrunni sem svonefnd eterlípíð. Eterlípíðin hafa sýnt fjölbreytta líffræðilega virkni, þar með talið bakteríu- og sveppadrepandi, krabbameinshemjandi og ónæmisstyrkjandi áhrif. Þau eru almennt talin hafa mikla lækningamöguleika.

Eikósapentaensýra (EPA) og dókósahexaensýra (DHA) eru ómega 3 (n-3) fitusýrur sem eru einkennandi fyrir fitu úr sjávarlífverum. Þessar lífvirku fitusýrur hafa vakið mikla athygli vegna jákvæðra heilsufarsáhrifa á menn, einkum í tengslum við hjarta- og æðasjúkdóma, sjálfsónæmissjúkdóma og bólgusjúkdóma, við sumum gerðum krabbameina sem og góð áhrif á geðheilsu manna [1].

Eterlípíð af 1-*O*-alkýl-2,3-diasýl-*sn*-glýseról-gerð, sem innihalda langar n-3 fjölómettaðar fitusýrur (PUFA), eru líffræðilega áhugaverð efni, því þau sameina heilsufræðileg áhrif 1-*O*-alkýl-*sn*-glýseróla og PUFA [2].

Mynda má tólf mismunandi gerðir 1-*O*-alkýl-2,3-diasýl-*sn*-glýseróla með handhverfuhreinum kímýl- (16:0), batýl- (18:0) og selakýl-alkóhólum (18:1) og EPA og/eða DHA í mið- og endastöðu. Annars vegar sex afleiður af ALL-gerð (alkyl-löng-löng), þar sem sama PUFA er í mið- og endastöðu, og hins vegar sex afleiður af ALL'-gerð, þar sem mismunandi PUFA eru notaðar.



Mynd 1. Efnasmíðar handhverfuhreinna diasýl glyseryl etera af ALL og ALL' gerð.

Kyrrsettur Candia antarctica lípasi (CAL) er notaður til að innleiða PUFA inn á endastöðu 1-O-alkýl-sn-glýseróls, í formi virkjaðra asetoxím estera. Síðan er sömu eða annarri PUFA komið fyrir í miðstöðu með kemískri estrun sem notast við EDCl sem kúplunarmiðil og DMAP sem basa.

Heimildir

[1] Magnusson, C.D., *Ether lipids: synthesis oj structured diacyl glyceryl ethers and methoxylated 1-O-alkyl-sn-glycerols,* PhD-thesis. University of Iceland, 2010

[2] Magnusson, C.D and Haraldsson, G.G., *Activation if n-3 polyunsaturated fatty acids as oxime esters: A novel approach for their incorporation into the glycerol moiety by lipase.* Manuscript submitted for publication.

Poster 29

Synthesis of enantiopure diacyl glyceryl ethers comprising polyunsaturated fatty acids

Edda Katrín Rögnvaldsdóttir, Carlos D. Magnússon, Sara Björk Sigurðardóttir and Guðmundur G. Haraldsson

Science Institute of the University of Iceland, Dunhaga 3, 107 Reykjavík, Iceland

The naturally occurring 1-*O*-alkyl-*sn*-glycerols are widespread in nature and are generally known as ether lipids. They are usually minor lipid components, but are found in high amounts in the liver oil of some cartilaginous fish species. They exhibit multiple biological activities including, antibacterial and antifungal activities as well as anti-carcinogenic and immune stimulant activities. They are considered to have high therapeutic potential.

Eicosapentaenoic acid (EPA) and docosahexaenoic acid (DHA) are n-3 polyunsaturated fatty acids that are characteristic of marine lipids. They are bioactive compounds that have gained increasing attention due to their beneficial health effects on humans regarding cardiovascular diseases, various inflammatory and autoimmune diseases and some types of cancer as well as importance to mental health [1].

Ether lipids of the 1-*O*-alkyl-2,3-diacyl-*sn*-glycerol type, containing long chain n-3 polyunsaturated fatty acids (PUFAs), are interesting compounds from the biological point of view, because they combine the beneficial effect of bioactive 1-*O*-alkyl-*sn*-glycerols and PUFAs [2].

Twelve different types of 1-*O*-alkyl-2,3-diacyl-*sn*-glycerols can be made by using enantiopure chimyl (16:0), batyl (18:0) and selachyl (18:1) alcohols and two different PUFAs, EPA and/or DHA, in the mid- and end-positions.



Figure 1. Synthesis of enantiopure diacyl glyceryl ethers of the ALL and ALL' type.

Therefore, a total of six adducts of the ALL type (alkyl-long-long), comprising the same PUFA in both positions, and another six adducts of the ALL' type, comprising different PUFAs in the mid- and end-positions can be made.

An immobilized Candida antarctica lipase (CAL) is used for the introduction of a PUFA into the end position of the glycerol backbone, using acetoxime ester of the corresponding PUFA. Then, the mid position is esterified, with the same or a different PUFA using EDCI as a coupling agent and DMAP as a base.

References

[1] Magnusson, C.D., *Ether lipids: synthesis of structured diacyl glyceryl ethers and methoxylated 1-O-alkyl-sn-glycerols,* PhD-thesis. University of Iceland, 2010

[2] Magnusson, C.D and Haraldsson, G.G., *Activation if n-3 polyunsaturated fatty acids as oxime esters: A novel approach for their incorporation into the glycerol moiety by lipase.* Manuscript submitted for publication

Veggspjald 30

HPLC–MS/MS analysis of 2-methoxylated alkylglycerols isolated from shark liver oil

Aðalheiður D. Albertsdóttir*, Sigurður V. Smárason† and Guðmundur G. Haraldsson*

* Science Institute, University of Iceland, Dunhaga 3, 107 Reykjavík, Iceland
† The European Academy of Bozen/Bolzano (EURAC), Drususallee 1, 39100 Bolzano/Bozen, Italy

The 1-*O*-alkyl-*sn*-glycerols, also known as glyceryl ethers, occur widely in Nature, but in particularly high amounts in the liver oil of various cartilaginous fish including shark species. Shark liver oil has been used in Scandinavia for centuries for its various remedial effects that have been attributed to the glyceryl ethers [1].

Minor parts (2 - 4 %) of the glyceryl ether fraction of such oils are substituted with a methoxyl group located at the 2-position of the alkyl moiety. Such methoxylated ether lipids, 1-*O*-(2'-methoxyalkyl)-*sn*-glycerols, are interesting compounds that have been claimed to offer multiple biological bioactivities including antifungal, antibacterial and antitumor properties. The general framework is shown in figure 1 [2].



Figure 1. The basic framework of 1-*O*-(2'-methoxyalkyl)-*sn*-glycerols [2].

A HPLC–MS analytical method was developed to investigate a mixture of such 2-methoxy alkylglycerols (MAGs) isolated from the liver oil of deep sea sharks originating in the North Atlantic Ocean. The work was focused on the ammonium and lithium adducts of the MAGs.

Seven MAG adducts were found to account for the majority of the signals in the HPLC–MS analyses and accurate mass values were acquired for all of them. These compounds constitute two saturated (C16:0 and C18:0), three monounsaturated (C16:1 and two C18:1 isomers) and two polyunsaturated (C18:3 and C22:6) MAG derivatives.

Confirmation of the MAGs general framework was achieved by analyzing the ammonium adduct MSMS spectra while the lithium MSMS spectra provided information regarding the location of the double bonds in the mono- and polyunsaturated MAGs.

References

[1] Magnusson, C. D.; Haraldsson, G. G. *Chemistry and Physics of Lipids* **2011**, *164*, 315-340.
[2] Magnusson, C. D.; Haraldsson, G. G. *Tetrahedron: Assymmetry* **2010**, *21*, 2841-2847.

Poster 30

HPLC–MS/MS greining á 2-metoxylsetnum alkylglýserólum einangruðum úr hákarlalýsi

Aðalheiður D. Albertsdóttir*, Sigurður V. Smárason† og Guðmundur G. Haraldsson*

* Raunvísindastofnun, Háskóli Íslands, Dunhaga 3, 107 Reykjavík, Ísland
† The European Academy of Bozen/Bolzano (EURAC), Drususallee 1, 39100 Bolzano/Bozen, Italy

1-*O*-alkýl-*sn*-glyseról, einnig þekkt sem glyserýl eterar, koma víða fyrir í náttúrunni, en þessi efni finnast í sérstaklega miklu magni í lifrarolíu mismunandi brjóskfiska, þar á meðal í hákörlum. Hákarlalýsi hefur verið notað í Skandinavíu í margar aldir vegna ýmiskonar jákvæðra áhrifa sem hafa verið rakin til glyserýl etera [1].

Lítill hluti (2-4%) glyserýl etera í olíunni eru með metoxýl hóp staðsettan á kolefni 2 á alkýlkeðjunni. Þessi metoxýlsetnu eter lípíð, 1-*O*-(2'-metoxýalkýl)-*sn*-glýseról, eru athyglisverð efni sem hafa verið tengd við hina ýmsu lífvirkni meðal annars sem sveppaeyðandi, bakteríueyðandi og æxliseyðandi eiginleikar. Almenna bygging þeirra er sýnd á mynd 1 [2].



Mynd 1. Almenna bygging 1-*O*-(2'-metoxýalkyl)-*sn*-glyseróla [2].

HPLC-MS/MS greiningaraðferð var þróuð til þess að greina blöndu af þessum 2-metoxýleruðu alkýlglýserólum (MAGs) sem voru einangruð úr lýsi sem unnið var úr hákörlum sem veiddust í norður Atlantshafinu. Eingöngu voru rannsakaðar ammóníum- og liþíumjónir þessara efna.

Sjö MAG efni stóðu fyrir meginhluta merkjanna í HPLC–MS greiningunum og var nákvæmum massagildum náð fyrir þau öll. Þessi efni samanstóðu af tveimur mettuðum (C16:0 og C18:0), þremur einómettuðum (C16:1 og tveimur C18:1 ísómerum) og tveimur fjölómettuðum (C18:3 og C22:6) MAG afleiðum.

Staðfesting almennu MAG byggingarinnar fékkst með því að greina ammóníum MSMS rófin en liþíum rófin gáfu upplýsingar um staðsetningu tvítengja í ein- og fjölómettuðu MAG afleiðunum.

Tilvitnanir

[1] Magnusson, C. D.; Haraldsson, G. G. *Chemistry and Physics of Lipids* **2011**, *164*, 315-340.
[2] Magnusson, C. D.; Haraldsson, G. G. *Tetrahedron: Assymmetry* **2010**, *21*, 2841-2847.

Hönnun og umbrot: Benedikt Ómarsson
Prentun: Pixel prentþjónusta ehf.
Upplag: 80 stk

Ráðstefna Efnís 2011

Efnafræðirannsóknir á Íslandi
tengsl grunnrannsókna og atvinnulífs

1 H 1.0079																	2 He 4.003
3 Li 6.941	4 Be 9.0122											5 B 10.811	6 C 12.011	7 N 14.007	8 O 15.999	9 F 18.998	10 Ne 20.179
11 Na 22.9898	12 Mg 24.3050											13 Al 26.982	14 Si 28.086	15 P 30.974	16 S 32.065	17 Cl 35.453	18 Ar 39.948
19 K 39.0983	20 Ca 40.078	21 Sc 44.9559	22 Ti 47.867	23 V 50.942	24 Cr 51.996	25 Mn 54.938	26 Fe 55.845	27 Co 58.9332	28 Ni 58.6934	29 Cu 63.546	30 Zn 65.38	31 Ga 69.723	32 Ge 72.640	33 As 74.922	34 Se 78.960	35 Br 79.904	36 Kr 83.798
37 Rb 85.4678	38 Sr 87.62	39 Y 88.9059	40 Zr 91.224	41 Nb 92.906	42 Mo 95.960	43 Tc (98)	44 Ru 101.070	45 Rh 102.906	46 Pd 106.420	47 Ag 107.868	48 Cd 112.411	49 In 114.818	50 Sn 118.710	51 Sb 121.760	52 Te 127.60	53 I 126.904	54 Xe 131.293
55 Cs 132.9054	56 Ba 137.327	57 La 138.9055	72 Hf 178.490	73 Ta 180.948	74 W 183.84	75 Re 186.207	76 Os 190.230	77 Ir 192.217	78 Pt 195.084	79 Au 196.967	80 Hg 200.59	81 Tl 204.383	82 Pb 207.20	83 Bi 208.980	84 Po (209)	85 At (210)	86 Rn (222)
87 Fr (223)	88 Ra (226)	89 Ac (227)	104 Rf (265)	105 Db (268)	106 Sg (271)	107 Bh (272)	108 Hs (270)	109 Mt (276)	110 Ds (281)	111 Rg (280)							



Efnafræðifélag Íslands
The Icelandic Chemical Society